

Stjórnarfundur 10. Mars 2016

Mætt voru: Sveinn Steinarsson, Vignir Sigurðsson, Eysteinn Leifsson, Jón Bjarni Þorvarðarson, Magnús Jósefsson og Hallveig ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Ágúst Andrésón í símasambandi, Kristinn Guðnason, Halldór Gunnarsson, Erlendur Garðarsson, Halldór J. Ragnarsson, Þorsteinn Þórhallsson og Oddur Árnasson frá Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna, Arnþór Guðlaugsson frá Ísteka.

Dagskrá :

1. Hrossaafurðamál milli 10:00 og 12:00
2. Heimur hestsins Frederike höfundur bókarinnar kemur á fundinn.
3. Anita Aradóttir verður með kynningu á áformum sínum varðandi þolreið á Íslandi 2017 (eitthvað í líkingu við þolreiðina í Mongólíu)
4. Aðbúnaður útigönguhrossa og umræða síðustu daga.
5. Styrkumsóknir Þróunarsjóð.
6. Eftirspurn á markaði / Þorvaldur Kristján
7. Búvörlagasamningar
8. Önnur mál

Formaður setur fundinn og biður gesti fundarins sérstaklega velkomna og síðan gengið til dagskrár.

Rætt um stöðu kjötafurðamála og gerði Ágúst Andrésón formaður sláturleyfishafa grein fyrir stöðu á helstu mörkuðum hrossaafurða.

Staða markaða er ekki nógu góð, Rússlandsmarkaður lokaður en sá markaður er mikilvægur því þangað hefur stór hluti af svokölluðu vinnsluefni sem til fellur verið selt. Það gengur vel að selja valda vöðva (file, lundir og innanlæri) innanlands og hafa veitingahúsin sóst í ríkara mæli eftir þeim. Slátrun er í lágmarki þar sem ekki er hægt að losna við annað en bestu bitana. Nýir markaðir eru allir að keppa um bestu bitana og hefur það verið að valda vandræðum og verðlækkunum. Aðeins 2 sláturhús eru með leyfi inn á rússneska markaðinn þ.e. Norðlenska og Blönduós en fall rúblurnar úr 4.65 niður í 1.65 hefur einnig haft mikil áhrif á afurðaverðið.

Erlendur: Rússmarkaður var farinn að skila góðu verði. Á síðasta ári var farið í að skoða aðra möguleika. KS hefur hjálpað mikið til við undirbúninginn. Hrossakjöt; í janúar fóru þrjú sendingar til Japan, en sá markaður kallar á sérvalið fitusprengrt kjöt sem ekki næst úr öllum gripum. Japansmarkaður gerir miklar kröfum um frágang við slátrun. Lífur var einnig send til Japan sem uppfylling. Það er áhugi í Japan og vilja þeir fá uppl. um hvert framhaldið geti orðið spurningin er bara hvað er hægt að gera við afganginn af kjöti sem til fellur af hverju hrossi. Ýmislegt var nefnt í sambandi við afsetningu á því sem ekki er að seljast og t.d. að í Danmörk er að opna verksmiðju f. gæludýrafóður og spurning hvort þeir myndu kaupa allan innmat sem til fellur af hrossum og folöldum. Yfirlýsing um lyfjaleysi myndi styðja þennan markað þar sem of dýrt væri að fá stimpil um lífræna framleiðslu. Afskurður gæti líka farið á þennan markað.

Erlendur greinir frá tækifærum í sambandi við folaldakjöt en talsverð vinna og undirbúningur var lögð í að koma því á markað á Ítalíu og þá sem barnamat og voru það KS og sláturleyfishafar sem unnu að því verkefni saman.

Halldór Gunnarsson: er hissa á því að fundurinn hafi ekki verið haldin fyrir löngu síðan þar sem hrossabændur voru ekki með inni í búvörusamningum sem nýbúið er að undirrita. Folaldakjöt hefur lækkað í verði miðað við það sem var árið 1991. Sláturleyfishafar verða að standa sig betur varðandi vinnslu á kjötinu. FHB og sláturleyfishafar hafa ekki staðið sig varðandi sláturmarkaðinn. Ísteka er eina fyrirtækið sem hefur hækkað verð á afurðum til hrossabænda.

Erlendur: Halldór var einn af þeim sem kom að Heinz viðræðunum (Ítalíumarkaði)

Sveinn: slagkraftur FHB hefur farið í lífhrossin og furðar sig á að hrossakjötið sé ekki meira metið á markaði en raun ber vitni, þar sem um er að ræða eitt besta kjöt sem fáanlegt er á markaðnum.

Halldór: FHB hefði átt að standa sig betur í búvörusamningum, t.d. varðandi kjöt og blóðbændur.

Ísteka: eru komnir af stað aftur í að safna blóði úr fylfullum hryssum. Verð pr. blóð var upphaflega á sama verði og folaldakjötið en undanfarið hefur verð á blóði hækkað en folaldakjötið staðið í stað. Verð á blóðlítra var á pari við kílóverð í upphafi, en er nú 3x meira eða 1.500 kr. pr. lítra.

Kristinn Guðnason: þegar hann kom til FHB var einungis eitt sláturhús fyrir hross, á Hvammstanga. Ekki er hægt að safna upp því sem ekki selst. Á tímabili varð skortur á hrossakjöti og fleiri sláturhús komu inn í þetta. Sláturleyfishafar voru ekki nógu virkir í markaðssetningu kjötsins, sem hann taldi að hefði verið eðlilegt. Staðan í dag er vonlaus, þ.e. að ekki sé hægt að afsetja hross og þarf þá að láta það sem ekki selst í refafóður.

Halldór Gunnarsson yfirgaf fundinn.

Erlendur: folaldakjöt er erfitt í sölu vegna stærðar á vöðvunum, þ.e. of litlir. Finna þarf sértæka markaði t.d. veitingahúsin en markaðssetning kostar pening, markaðurinn er í barnamat eins og er (Heinz). Búið er að kynna folaldakjöt f. Japönnum sem eru að fara að opna íslenskan Veitingastað í Japan. Belgískur aðili hefur sýnt áhuga á kjötinu. Barnamaturinn er maukaður og kosturinn er að hirða má út bestu bitana til að selja á aðra markaði.

Oddur frá SS: folaldakjöt; SS hefur staðið sig allsæmilega í því og m.a. selt það inn á grillmarkaðinn og engin vandræði með að afsetja það sem slátrað er. Selja út hrossakjötsvöðva til Sviss, en ódýrari hlutar (vinnsluefni) safnast upp og helst hægt að selja í loðdýrafóður. Hakk og gúllas er aðeins að fara inn á smávörumarkaðinn og gengur sú sala betur en þeir þorðu að vona. Íslenski markaðurinn er ekki hrifinn af því sem inniheldur hrossakjöt.

Halldór (meistarafélag kjötiðnaðarmanna) – lýsir yfir áhuga á samstarfi við FHB.

Sveinn spyr Odd hvort veitingageirinn sé eitthvað að leita til SS, Oddur segir að þeir taki aðeins af hrossavöðvum en ekki mikið af folaldakjöti, telur veitingageirann vera of upptekinn af innfluttu kjöti, þ.e. nauta og svínakjöti a.m.k. og láti þar verðin ráða. Þar með eru gestir ekki að borða innlenda afurð eins og þeir halda sig vera að borða, enda telja þeir sig ekki þurfa að spyrja um uppruna kjötsins.

Halldór – þarf ekki að reyna að fá Sigga Hall í samstarf við að kynna hrossa- eða folaldakjöt á Food and Fun á næsta ári ? það sem gengur vel á food and fun er yfirleitt selt í viku eða meira eftir að hátíðinni lýkur.

Kristinn – ferðamenn virðast ekki kaupa hrossa- eða folaldakjöt. Samt eru allir sem smakka mjög ánægðir með kjötið.

Erlendur – spurði veitingamann af hverju folaldakjöt sé ekki á markaðnum, en það gekk ekki vel í Bandaríkjamenn sem yfirgáfu jafnvel staðinn eftir að hafa séð þetta á matseðlinum, en Ítalir voru mjög ánægðir.

Sveinn – spyr hvort sláturtímabil og reglubundið framboð á kjötinu skemmi fyrir í markaðssetningunni.

Ágúst – folaldaslátrun, kjötið fer ferskt út á markaðinn, margir veitingamenn eru áhugasamir um hrossakjöt en ekki er hægt að tryggja að þeir fái það magn sem þeir þurfa. Finna þarf markað fyrir annað sem til fellur til að slátrun geti verið regluleg. Helst er að reyna að finna markaði erlendis þar sem slátrun folalda er orðin nokkuð regluleg en þó ekki nægjanlega til þessa að hægt sé að treysta á að veitingastaðir geti fengið það sem þeir vilja setja á matseðla sína. Veitingastaðir vilja vera með hrossakjöt sem og folaldakjöt. Spurning hvor við ætlum að halda þessum markaði hér heima eða viljum við einbeita okkur á erlenda markaði.

Sveinn – er hægt að stilla inn á að auglýsa ákveðið tímabil með folaldakjötið þar sem tryggt yrði að veitingahús fengju það magn sem þeir þurfa. Ágúst segir að stór munur sé á fersku og frystu foldakjöti.

Kristinn Guðnason – Of mikið af hrossum bíða slátrunar og spurning hvernig hægt að er að leysa það. hvað myndu sláturhúsin borga fyrir hross miðað við þeir tækju það besta og settu rest í t.d. loðdýrafóður.

Oddur – 50-60 hrossum er slátrað á viku. Bestu hlutarnir seljast en rest verðlaus eins og er.

Sveinn – þó hrossaræktendur séu einungis að framleiða lífhross þá þurfa þeir að geta afsett það sem ekki gengur inn á þann markað. Einungis eru 2 verð í gangi til bænda, þ.e. Folald og hross. Væri hægt að breyta þessu og taka upp flokk fyrir tryppi og hross upp að t.d. 7 vetra aldri, enda ættu kjötgæðin þar að vera mjög góð.

Ísteka – verið er að slátra 3-4000 folöldum á ári.

Kristinn – Hver er eðlileg förgun hrossa á ári ? Ágúst segist ekki hafa sundurliðunina.

Ágúst – ef markaðir fást væri hægt að taka upp samstarf milli sláturleyfishafa um að uppfylla pantanir. Sammála Sveini um að skoða nánari sundurliðun á verði kjöts eftir aldri.

Erlendur – verið er að prófa að selja fitu til Japan þar sem hún myndi nýtast í snyrtivöruframleiðslu. Hrossabændur þurfa að skoða kostnaðinn við t.d. kynningu á Food and fun, sláturleyfihafar hafa staðið sig ágætlega, en meira þarf til og finna þarf leiðir til að standa undir þeim kostnaði.

Kristinn – verðskerðingarsjóður ætti að nýtast í þetta, eins og hann hefur verið nýttur hingað til.

Sveinn – þurfum að átta okkur á framboðinu og eftirspurninni

Ágúst – sammála um að skoða þurfi þetta og „yfirgaf“ svo fundinn.

Arnþór greinir frá stöðu Ísteka – til að viðhalda sínu starfi þurfa þeir að fjölga gripum. Ef afsetningar verða í lagi þá geta þeir haldið áfram, einungis afsetningin stendur í vegi fyrir því að þeir geti aukið blóðtökurnar. Markaður fyrir blóðið er langt frá því að vera mettaður. Vignir spyr hvernig blóðtakan dreifist um landið, og svarið er að það sé svipað og hrossa eign á landinu.

Þeir hjá Ísteka eru m.a. að skoða hvað þarf til að hryssa sé góð í blóðgjöfum, því það sé ekki alltaf tryggt að nýtingin sé sú sama hjá þeim öllum og bendir Arnór á að skipta þurfi út hryssum sem ekki standast kröfur (slátra þeim) og þurfa þeir því stöðuga endurnýjun til að tryggja fulla nýtingu.

Magnús – mörgum er mjög illa við að selja hryssur í blóðtöku, og kannast þeir hjá Ísteka við það.

Erlendur – fita í hrossakjöti verður til þess að það geymist illa í frosti. Hár stuðull af Omega 3. Aldur hrossa hefur minni áhrif á meyrni kjöts en t.d. í nautakjötinu og kjöt af 6 og 9v hrossum t.d. alveg sambærilegt. Ef fitan nýtist í snyrtivöru í JP þá má frysta hana og senda út í stórum einingum.

Vignir – er þróunarvinna í gangi með að nýta það sem til fellur? Erlendur segir að t.d. megi nefan spægipyllu sem þótti mjög góð hér áður fyrr en hvarf e-a hluta vegna af markaði.

Oddur – SS nýtir hrossakjöt að einhverju leyti í unnar kjörvörur. Pizza-staður sem vildi ódýrt hráefni neitaði samt að kaupa pepperoni úr hrossakjöti.

Halldór – fagkeppni kjötiðnaðarmanna er framundan og fyrir 2 árum síðan var það hrossaspægipylsa með hvítmygluosti sem fékk verðlaun, en ekki var hægt að framleiða þetta þar sem framleiðsluferlið gekk ekki upp (ekki mátti taka ost inn í húsið).

Erlendur – kynna þarf hrossakjötið betur inn á markaðinn og t.d. tala um Omega 3 og fleira sem gerir kjötið gott. Hampa þarf hráefninu.

Oddur – sammála um að hampa þurfi þessu kjöti, en ekki að vonast til að neytendur lesi ekki innhaldslýsingar.

Erlendur – hrossakjöt er lúxusmatur og þarf að koma því til skila til neytenda.

Magnús – Íslendingar eru enn ekki búnir að sættast við hrossakjötsát frá fyrri tíð. Auglýsa þarf betur að Ísteka kaupi hryssur og spyr hvort sláturleyfihafar séu tilbúnir til að slátra til þess að selja bestu bitana og setja rest í loðdýrafóður eða álíka.

Oddur – bið eftir slátrun er ca 2 mánuðir núna

Erlendur – vill gjarna skoða málið með FHB sérstaklega varðandi folaldakjötið og lét Svein fá ýmis gögn varðandi t.d. markaðssetningu í Japan. Erlendur yfirgaf fundinn.

Sveinn segir Félag hrossabænda endilega vilja byggja upp samstarf við kjötiðnaðarmenn og ná upp góðri kynningu á hrossakjötinu. Þakkaði gestum fyrir komuna og þeirra innlegg í umræðuna.

Matarhlé

Fundi framhaldið að loknu matarhlé.

Rætt um bókina Heimur hestsins og hvaða skref eru næst í því verkefni, handritið hefur nú verið þýtt á yfir á sænsku og ensku.

Aðbúnaður útigangshrossa – fundarmenn sammála um að gott sé að fá upp þessa umræðu, og nýta hana til að fræða almenning og sem aðhald fyrir hrossabændur.

Landsmót – rætt um að hafa ræktunartorg á LM og þá í samstarfi við Hestatorg. Rætt um leiðir til að fræða fólk og fá það inn á básinn. Mynda samvinnu milli hestatorgs, ræktunatorgs og Íslandsstofu.

Sveinn greindi frá því að sótt hafi verið um styrk í Þróunarsjóðinn til að framkvæma greiningar á markaðnum, þ.e. hvernig hross eru að seljast, skoða aldur og hlutverk hrossanna. Niðurstöður gætu hjálpað ræktendum við framsetningu á sinni vöru. Reiðhestar vs kynbótahross – hryssur vs hestar o.s.frv. Sveinn og Þorvaldur Kristjánsson munu skoða þetta.

Búnaðarlagasamningur – hrossabændur fá ekki gripagreiðslur en geta nú sótt um jarðræktarstyrki að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þurfa að vera með viðkennd túnkort og rétta vsk skráningu. Hrossabændur eiga að njóta saman stuðnings t.d. við uppbyggingu í rammisamningi.

Aníta Margrét Aradóttir og Agla Elísabet Hendriksdóttir komu og kynntu verkefni sitt, Icelandic Horse Games, og spunnust umræður um framkvæmd keppinnar og hvernig FHB gæti komið að stuðningi við verkefnið. Aníta og Agla munu hafa samband við yfirdýralækni og dýralækni hrossasjúkdóma, til að upplýsa um verkefnið og fá þeirra sjónarmið, sem og dýraverndunarsamband Íslands.

Möguleikar á tekjumöguleikum FHB þegar búnaðarlagagjald leggst af ræddir. Ekki virðist líklegt að hægt sé að innheimta gjald af hverju skráðu hrossi, skv. svari frá lögfræðingi Bændasamtaka Íslands.

Sveinn – varðandi markaðssetningu á hrossakjöti má styðja að hluta til með því sem er í Verðskerðingarsjóði, og þá t.d. með kynningum á Food and Fun og fleiri svipuðum viðburðum. Magnús vill að áherslan yrði þá frekar á folaldakjötið og þá jafnvel að beina athyglinni að veitingahúsum.

Vignir – vakti athygli á vali á staðsetningu næstu Landsmóta. Nú er búið að velja næstu 3 mótsstaði og eru þeir allir á suðurlandi og því ekki annað mót á norðurlandi fyrr en eftir 8 ár, sem er ekki það skipulag sem lagt hefur verið upp með hingað til.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn þriðjudaginn 5. Apríl kl. 10:00

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:00